

salavegi, Árgata af Túngötu, Ásgarðsvegur af Skólagarði, Miðgarður af Ketilsbraut, Stórigarður af Miðgarði og Ketilsbraut, Vallholtsvegur af Ketilsbraut, Laugarbrekka af Höfðavegi og Höfða, Höfðabrekka af Háhöfða, Höfðavegur af Höfðabrekku og Sólbrekku, Garðarsbraut af ónefndri götu við Múla s/f, Uppsálavegi, Fossvöllum, Ásgarðsvegi, Árgili, Miðgarði og Stóragarði, Hédiðsbraut af Laugarbrekku og Höfðabrekku. Verða sett biðskilydumerki við öll vegamót við þessar götur.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Húsavík, 11. nóvember 1974.

Sigurður Gizurarson.

AUGLÝSING

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974, er sjúkrasamlögum heimilt að greiða samkvæmt ákvæðum 3. greinar reglugerðarinnar, sérlyfið Cyklokapron töflur Kabi, sem er óskráð sérlyf, en notað samkvæmt sérstakri heimild.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. nóvember 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grimsson.

REGLUR

um viðbótarritlaun.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um úthlutun 12 millj. kr. fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1974 til íslenskra rithöfunda og höfunda fræðiritna.

2. gr.

Úthlutun miðast við ritverk útgefið eða flutt opinberlega á árinu 1973. Auglýst skal eftir upplýsingum frá höfundum um verk þeirra á þessu tímabili.